

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Ólafar Magnúsdóttur
Ráðhúsið
101 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2019

Efni Fyrirspurn varðandi landfyllingu í Laugarnesi.

Vísað er til eftirfarandi fyrirspurnar sem barst þann 18.11. s.l.:

„BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi landfyllingu í Laugarnesi og fleira - R19100358

Framhaldsfyrirspurn til Faxaflóahafna varðandi landfyllingu í Laugarnesi og fleira. 1. Svo virðist sem uppfylling gangi inn á verndarsvæði. Óskað er staðfestingar með útreikningum að svo sé ekki. 2. Hefur farið fram rannsókn á áhrifum uppfyllingar á fuglalíf á Skarfaskeri? 3. Hversu stórar byggingar er áætlað að rísi þarna? Hafa verið unnar einhverjar hugmyndir að vinnusvæði/byggingum fyrir Faxaflóahafnir? 4. Í drögum að breyttu aðalskipulagi er bygging vinnusvæðis Faxaflóahafna réttlætt með kolefnaspori dráttarbáta og styttingu leiða þeirra að væntanlegum flutninga- og skemmtiferðaskipum. Er það ekki svo að dráttarbátar byrja að fylgja stórskipum út frá mynni Reykjavíkurhafnar og fylgja þeim svo aftur jafnlangt? Hvers vegna er þá þörf að bátar séu á þessu svæði? Útskýra þarf nánar þá þörf. 5. eru áætlanir um hluti þessarar uppfyllingar verða hafnarbakki? 6. Óskað er eftir loftmynd af hafnarsvæðinu þar sem verndarsvæðið er sýnt og stærð/umfang/lega nýrrar landfyllingar. 7. Er til hættumat og viðbragðsáætlun á mögulegu slysi/strandi þeirra risaskipa sem venja komur sínar hingað í hundraðatali. 8. Hver er metin umhverfisvá slíks slyss? 9. Er Sundahöfn hugsuð sem framtíðarhöfn fyrir Faxaflóahafnir? 10. Standa yfir viðræður við hafnarstjórn í Þorlákshöfn um að sameina hafnirnar?„

Svör eru undir eftirfarandi tölulíðum:

1. Svo virðist sem uppfylling gangi inn á verndarsvæði. Óskað er staðfestingar með útreikningum að svo sé ekki.

Meðfylgjandi mynd sýnir verndarsvæði Laugarness, legu lagna, hafnarmörk og legu landfyllingar, sem er alfarið utan verndarsvæðisins og um 10 metra innan hafnarmarka.

2. Hefur farið fram rannsókn á áhrifum uppfyllingar á fuglalíf á Skarfaskeri?

Faxaflóahafnir sf. hafa falið verkfræðistofunni Verkís að vinna að talningu fugla og skýrslugerð þar að lútandi. Í þeirri vinnu verður m.a. litið til vetrartalningar fuglaá hugamanna auk þess sem gerð er tillaga um fuglatalningu frá febrúar til maí/júní á árinu 2020. Vetrartalningar fuglaá hugamanna ná aftur til ársins 1952. Þá eru einnig til talning fugla í Viðey frá árunum 2002 og 2007. Til frekari stuðnings eru svo til gögn í umhverfismati hafnar frá sama tíma.

3. Hversu stórar byggingar er áætlað að rísi þarna? Hafa verið unnar einhverjar hugmyndir að vinnusvæði/byggingum fyrir Faxaflóahafnir?

Engin vinna hefur verið sett af stað varðandi hugsanleg mannvirki á landfyllingunni. Nokkrar hugmyndir hafa verið reifaðar varðandi mögulega notkun landsins, m.a. eigin aðstaða Faxaflóahafna þ.m.t. aðstaða lóðs- og dráttarbáta, aðstaða vegna stækkunar aðstöðu Veitna vegna skólphreinsistöðvar, ylströnd ef staðurinn telst heppilegur og ef yfirfall hitaveitu verður leitt þar í sjó fram samkvæmt hugmyndum í skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar og Veitna frá 16. mars 2018. Ákvörðun um nýtingu bíður því síðari tíma.

4. Í drögum að breyttu aðalskipulagi er bygging vinnusvæðis Faxaflóahafna réttlætt með kolefnaspori dráttarbáta og styttingu leiða þeirra að væntanlegum flutninga- og skemmtiferðaskipum. Er það ekki svo að dráttarbátar byrja að fylgja stórskipum út frá mynni Reykjavíkurhafnar og fylgja þeim svo aftur jafnlangt? Hvers vegna er þá þörf að bátar séu á þessu svæði? Útskýra þarf nánar þá þörf.

Staðsetning lóðs- og dráttarbáta er einn æskilegur þáttur sem nefndur er í fyrra svari en ekki meginatriði. Á árinu 2018 voru skipakomur (skip yfir 100 brt.) alls 1.474 og 938 færslur skipa í viðlegu. Þar af komu 616 skip í Sundahöfn, 667 skip í Gömlu höfnina og á Eyjargarð. Færslur skipa voru hins vegar 511 í Sundahöfn en 214 í Gömlu höfninni. Æskilegt er að dráttarbátar sem sinna þjónustu við skip séu sem næst megin þunga starfseminnar. Hafnsögumenn eru helst fluttir með minni bátunum (Leynir, Þjótur) um borð í skip, en eiginleg dráttarbátþjónusta (Magni og Jötunn) á sér stað við og í grennd við hafnarbakka. Bein aðstoð við skip í Sundahöfn var á árinu 2018 liðlega 500 klukkustundir en í Gömlu höfninni tæplega 240 klukkustundir. Til fróðleiks er meðfylgjandi tafla um skipakomur og færslur.

| Fjöldi af Komunr | |
|------------------|-------------|
| Koma | 1474 |
| Gamla höfnin | 667 |
| Sundahöfn | 616 |
| Grundartangi | 110 |
| Akranes | 39 |
| Ytri höfn | 42 |
| Færsla | 938 |
| Gamla höfnin | 214 |
| Sundahöfn | 511 |
| Grundartangi | 183 |
| Akranes | 17 |
| Ytri höfn | 13 |
| Alls | 2412 |

5. Eru áætlanir um hluti þessarar uppfyllingar verða hafnarbakki?

Engin áætlun er um að hafnarbakki verði við Klettagarða utan Skarfagarðs. Staðsetning lóðs- og dráttarbáta myndi nota flotbryggju til viðlegu ef af verður. Áform í þeim efnum og útfærsla liggja ekki fyrir.

6. Óskað er eftir loftmynd af hafnarsvæðinu þar sem verndarsvæðið er sýnt og stærð/umfang/lega nýrrar landfyllingar.

Meðfylgjandi eru myndir sem svara ofangreindu, en sýnir að auki legu lagna á svæðinu.

7. Er til hættumat og viðbragðsáætlun á mögulegu slysi/strandi þeirra risaskipa sem venja komur sínar hingað í hundraðatali.

Þrjár megin viðbragðsáætlanir eru í gildi vegna atburða eða atvika sem gætu eða geta komið upp á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf.:

- Viðbragðsáætlun Almannavarna frá árinu 2016**
- Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar innan hafnarsvæða – upphaflega frá árinu 2012.**
- Viðbragðsáætlun Almannavarna um sóttvarnir hafna og skipa – landsáætlun frá árinu 2017.**

Áætlanirnar má sjá hér: <https://www.faxaflaohafnir.is/hafnarthjonusta/vidbragdsaaetlanir/>

Auk ofangreinds eru Faxaflóahafnir með sérstakt samkomulag við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um viðbrögð vegna mengunaróhappa.

8. Hver er metin umhverfisvá slíks slyss?

Sérhvert sjóslys við strendur landsins er metið alvarlegt. Ef um væri að ræða farþegaskip myndi slíkt virkja viðbragðsáætlun Almannavarna. Umhverfisvá yrði metin út frá umfangi slyss, aðstæðum og stærð skips, en viðbúnaður taka mið af því. Samhliða virkjun viðbragðsáætlunar Almannavarna yrði viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar virkjuð í samvinnu við viðeigandi stofnanir.

9. Er Sundahöfn hugsuð sem framtíðarhöfn fyrir Faxaflóahafnir?

Sundahöfn er megingátt vöruflutninga til og frá Íslandi. Um höfnina fara árlega um 350 þúsund gámaeiningar (TEU) en í tonnum var magn flutninga til og frá Sundahöfn árið 2018 um 1,5 milljón tonna. Hafnarbökkum og baksvæðum hafnar er ætlað að gegna hlutverki sínu a.m.k. næstu 50 – 60 ár. Uppbygging innviða í hafnarbökkum, baksvæðum, vöruhúsum og ýmis konar aðstöðu telur í milljarða tugum króna og er ætlað að þjóna almennum vöruflutningum til og frá landinu næstu áratugi. Nú í nóvember lauk byggingu 400 metra hafnarbakka sem kostaði um 3,5 Ma.kr. Hafnarbakkanum er ætlað að þjóna næstu kynslóð flutningaskipa, en þrjú ný og stærri skip en áður hafa verið notuð, koma væntanlega til landsins á fyrri hluta næsta árs. Vegna þeirra skipa er nauðsynlegt að auka dýpi á siglingaleiðum að Sundahöfn og er nú hafinn undirbúningur að gerð nauðsynlegra gagna varðandi leyfi til þeirrar dýpkunar.

Árið 1968 var tekin ákvörðun um að byggja nýtt hafnarsvæði í Reykjavík og það staðfest með samkomulagi borgar og hafnar árið 1971. Frá þeim tíma hefur Sundahöfn verið þróuð með hafnarbökkum og landfyllingum til þess að sinna því hlutverki. Út frá umhverfisþáttum má segja að staðsetning Sundahafnar sé hagfelld þegar litið er til þess að megin hluti þeirrar vöru sem kemur til landsins fer skamma leið til innflytjenda og síðan neytenda. Með vöruhöfn sem yrði fjær markaðnum í Reykjavík myndi akstur með mikið vörumagn auka álag á vegakerfið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Þá er ljóst að ný stór vöruhöfn yrði ekki þróuð nema á lengri tíma auk þess sem ný mannvirki myndu kalla á verulega fjárfestingu þess sem hygðist byggja, eiga og reka mannvirkin.

10. Standa yfir viðræður við hafnarstjórn í Þorlákshöfn um að sameina hafnirnar?

Engar viðræður hafa átt sér stað um hugsanlega sameiningu Faxaflóahafna og hafnarinnar í Þorlákshöfn. Engin áform eru nú uppi um slíkar viðræður.

Virðingarfyllst,



Gísli Gíslason, hafnarstjóri




Hafnarvæði
1:2000 (A3)

Yfirlitsmynd

Áætlað magn fyllingar:
395.000 m³

Skýringar:

- Landfylling
- Hafnarvæði
- Imkeyrsla
- Vernarsvæði við Laugarnes
- Útrás



Hafnarstjóri Faxaflóahafna
nóvember 2019

Ímitt verkfræðistofa hf
Rannsótt / Forvald / Út / 28.11.2019 19184-32-Y01

Yfirlit af línu verkfræðistofa hf /
Samg. / 3h. / Landfylling - Akranes /
Samg. / 3h. / Landfylling - Akranes

V:\2019\33\19184-06-Teikningar\06-Teikningar\19184-32-Y01 - Yfirlitsmynd.sjpg (Skjalnúmer.dwg)



Hafnarssvæði
1:7500 (A3)

Yfirlitsmynd

Áætlað magn fyllingar:
395.000 m³

Skýringar:

- Landfylling
- Hafnarhöfð
- Imbreysla
- Vemdarsvæði við Laugarnes
- Útrás

Hafnarstjóri Faxaflóahafna
nóvember 2019

Hitt verkfræðisfélag hf. 19184-32 Y101
Arenna / Sævar 107. 201. 2011.2019



V.20190.1XX.19184.0107.Tekningar á: Laugarnes 19184-41-1. Yfirlitsmynd Faxaflóahafna

Yfirlitsmynd Faxaflóahafna
Samskipti Faxaflóahafna
Samskipti Faxaflóahafna